

ORSÖK

Smitefni

Sjúkdómnum (Mink Virus Enteritis) veldur veira sem tilheyrir fjölskyldunni Parvoviridae og ættkvíslinni Parvovirus. Hún tilheyrir sama undirflokki og veira sem veldur kattafári (Feline Panleukemia Virus) og veira sem veldur smáveirusótt í hundum (Canine Parvo Virus). Allar þrjár veirurnar eru náskyldar, en aðeins FPV og MVE geta valdið sjúkdómi hjá minkum.

Viðnámseiginleikar

- Hitapól: 56°C í 60 mínútur
- Sýrustigspól: Sýrustig á bilinu pH 3 – pH 9
- Efnapól: Fituleysanleg efni
- Lifun í umhverfi: Harðgerð veira sem getur haldið virkni sinni í umhverfinu (saur og vefjum) í margar vikur og mánuði við stofuhita. Við frostmark getur veiran haldið virkni í mánuði og jafnvel ár.
- Sóttthreinsiefni og aðstæður sem eyðileggja smithæfni veirunnar: Útfjólublátt ljós, aldehyð (t.d. formalín), oxandi efni (t.d. klór),

FARALDSFRÆÐI

Móttækilegar dýrategundir

Minkar, merðir, skúncar, þvottabirnir, rauðrefir og kettir geta sýkst af veirunni.

Smituppspretta og smitdreifing

- Veiran finnst í vefjum, blóði, vessum og úrgangsefnum sjúkra og dauðra dýra
- Mjög smitandi sjúkdómur
- Smitast gegnum meltingarveg við innbyrðingu (ingestion)
- Beint smit milli dýra (vessar, þvag, saur, blóð) og með kleggjum (tabanid)
- Óbeint smit með fólki, tækjum, innréttingum, nálum o.s.frv.

Útbreiðsla

Sjúkdómurinn greindist fyrst í mink á loðdýrabúi í Kanada upp úr 1940, en hefur síðan breiðst út og finnst nú í minkabúum víða um heim. Veiruskita hefur aðeins greinst í alimink, en ekki hefur verið rannsakað hvort veiran kunni að finnast í villtum minkastofnum. Sjúkdómurinn hefur ekki greinst á Íslandi.

SJÚKDÓMSGREINING

Klínísk einkenni

- Meðgöngutími frá smiti til klínískra einkenna er 4-7 dagar
- Fyrstu einkenni eru skyndilegt lysterleysi og mikill niðurgangur
- Saurinn er ljósbrúnn eða gráleitur og vatnskenndur
- Oft sjást blóðflekki og slím-/fibrínslettur í skítum
- Eftir 1-2 daga dregur af dýrunum sem hringa sig upp í hreiðurkassa eða horni
- Gall-lituð uppköst og mikil vessapurð
- Flest dýr drepast á 2. eða 3. degi sjúkdómseinkenna
- Hærri sjúkdómstíðni og afföll á hvolpum og ungum dýrum en fullorðnum
- Afföll á ungum dýrum geta orðið um 80 %
- Fullorðin dýr sýna minni einkenni og geta verið einkennalausir smitberar

Meinafræðilegar breytingar

Krufning

- Vessaþurrð
- Magi að mestu tómur, aðeins smávegis gall-litað slímugt innihald
- Garnir slappar, útvíkkaðar og stundum þykkveggja
- Oft þverveggjar (transmural) blóðiferð eða blæðingar, samfelld eða svæðisbundið í görninni
- Stundum fibrínflök á garnaslímhimnu
- Garnainnihald þunnt og stundum blóðugt með slímslettum og fibrínflökum
- Garnahengiseitlar blóðþrungnir og stórir
- Milti lítillaga stækkað
- Bjúgur og blóðiferð í lungum

Vefjabreytingar

- Meinkennandi breytingar í görnum
- Veiran eyðileggur þekju í kirtilholi (crypts) garnanna
- Þarmatotur styttast og fleiður myndast í þekju
- Í byrjun sjást innlyksur (inclusions) í kirtilholsþekju
- Kirtilhol útvíkkuð og þakin flatrí þekju með upplásnum frumum á milli
- Kirtilhol fyllast af frumuhрати eða falla saman og hverfa

Mismunagreining

- Fráfæruskita af ýmsum orsökum
- Campylobactersýking (c. jejuni)
- “Enterotoxícosis” (clostridium perfringens, staph. sp.)
- “Epizootic catarrhal gastroenteritis – ECG (óþekkt orsök, en líkist mjög MVE)
- Aðrar garnaveirur (rota-, reo-, coronaveirur)
- Hníslasótt (Isospora, Eimeria)

GREININGARÁÐFERÐIR OG SÝNATÖKUR

Vefjabreytingar eru meinkennandi og nægja því oftast til greiningar á sjúkum dýrum.

Aðferðir

Veirugreining

- Mótefnalitun í vefjasýnum
- ELISA á saursýni
- Veiruræktun

Sermispróf

- Mótefnamæling með ELISA

Sýni

Veirugreining

- Saursýni
- Garnabútur úr ferskum hræjum

Sermispróf

- Blóðsýni úr lifandi dýrum

VARNIR OG VIÐBRÖGÐ

Engin meðhöndlun. Sýkt dýr aflífuð og aðgerðir fyrirskipaðar skv. viðbragðsáætlun yfirdýralæknis fyrir tilkynningaskylda alvarlegra smitsjúkdóma (A- sjúkdómur).

Smitvarnir

- MVE finnst ekki í minkum á Íslandi
- Strangar kröfur um innflutning minka til Íslands
- Dýr sem flytja skal til landsins skulu prófuð fyrir MVE
- ATH: Kettir geta smitað mink af FPV (kattapest) sem svipar til MVE

Sjúkdómsvarnir

Bólusetning er notuð með góðum árangri til að hindra sjúkdóm í þeim löndum þar sem veiran er útbreidd. Á Íslandi er óheimilt að bólusetja gegn MVE og bannað er að flytja inn bólusett dýr.

Viðbragðsáætlun

- Einangra búið
- Slátra öllum dýrunum
- Urða eða brenna hræ og skít
- Þrifa og sótthreinsa hús og innréttingar

HEIMILDIR OG UPPLÝSINGAR

- International veterinary information service: <http://www.ivis.org/>
- Mink biology, health and diseases. Canada mink breeders association. 1996
- Pearson RC and Gorham JR (1987). Mink virus enteritis. In: Appel MJG(ed). Virus infections of vertebrates. Vol 1. Virus infections of carnivores. Elsevier Sci Publ Comp Inc, New York, Ch. 35:349-360
- Um sóttvarnir: <http://www.antecint.co.uk/main/minkfur.htm>